



Menntaskólinn á Ísafirði
Pósthólf 97 – 400 Ísafjörður
s. 4504400 – fax: 4504419
www.fvi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1453
komudagur 22.3.2004

Efni: Umsögn um tillög til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum. Þingskjal 12 – 12. mál; 130. löggjafarþing 2003-2004

Undirrituð þakkar Menntamálanefnd Alþingis það traust að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu um eflingu iðn-, verk- og listnáms í framhaldsskólum, sem og þingsályktunartillögu um uppbyggingu háskólanáms á Vestfjörðum (sjá hjálagða umsögn þar um).

Fram komin þingsályktunartillaga um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum (þskj. 12) er fagnaðarefni að mati undirritaðrar og skal heilshugar tekið undir meginmarkmið hennar.

Í kynningu á verk- og iðnnámi þyrfti að vera hægt að vísa til þess að þeir nemendur sem hafa hug á slíku námi geti í framhaldinu komist áfram í háskólanám, stefni hugur þeirra þangað fremur en út á vinnumarkaðinn – eins og þingsályktunartillagan raunar gerir ráð fyrir (sbr. síðustu mgr. á bls.3).

Í þessu samhengi er vert að vekja athygli flutningsmanna og menntamálanefndar á því að á fundi sem fulltrúar háskólanna áttu með Félagi framhaldsskóla þann 15. mars s.l. kom fram að bæði Tækniháskólinn og Verk- og raunvísindadeild HÍ gera stúdentspróf af bóknámsbrautum að inntökuskilyrði. Nemendur sem taka stúdentspróf af verknámsbrautum hafa ekki forgang inn í verk- og tækninám á háskólastigi fyrrgreindra skóla. Meðan svo er háttað er ekki við því að búast að framhaldsskólanemar sækji inn á verknámsbrautir, þó að nám á slíkum brautum sé að flestu leyti betri undirbúningur fyrir verkfræði og tækninám á háskólastigi en hefðbundið bóknám.

Ofangreint atriði væri vert að taka til greina inn í meginmáli tillögunnar sjálfrar.

Virðingarfyllst,

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari.